

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mýrdalshreppi.

Hótel Dyrhólaey, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkti á fundi sínum 15. maí 2025 deiliskipulagsbreytingu fyrir Hótel Dyrhólaey (VÞ27) í Mýrdal í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsbreytingin felst í skilgreiningu á byggingarreit og byggingarheimildum á lóð hótelsins, Brekkur 1, lóð, L179560, auk þess sem lega lóðarinnar eru endurskilgreind með tilliti til uppmælinga á svæðinu. Samhliða eru skilgreindar afmarkanir lóða Í2 og Í3 lagfærðar lítillega í samræmi við mælingar og byggingarreit Í3 breytt til samræmis við þau hús sem byggð hafa verið innan reitsins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Vík í Mýrdal, 9. desember 2025.

George Frumuselu, skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 23. desember 2025